

LISTIR

Úthlutað úr Kvikmyndasjóði Íslands

Sjö myndir hlutu vilyrði

SJÓ kvikmyndir hlutu vilyrði til framleiðslu árið 2003 þegar úthlutað var úr Kvikmyndasjóði Íslands í gær, og nema styrkloforðin alls 180 milljónum króna. Þá var 196 milljónum úthlutað til kvikmyndagerðar á árinu 2002, þar af sjö styrkir til þróunar kvikmynda þar sem handrit liggur fyrir, alls að upphæð 7,5 milljónir, og átta styrkir voru veittir til handritsgerðar, að upphæð 500.000 hver.

Vilyrði fyrir hæstu styrkjunum á næsta ári hlutu Sögn ehf., 47,5 milljónir, til framleiðslu á kvikmyndinni Saga í leikstjórn Baltasars Kormáks, Íslenska kvikmyndasamsteypan, 40 milljónir, til framleiðslu á myndinni Sólón Íslandur í leikstjórn Margrétar Rúnar Guðmundsdóttur, Kvikmyndafélagið Dís, 30 milljónir, til að framleiða myndina Dís í leikstjórn Kristófers Dignus, Íslenska kvikmyndasamsteypan, 30 milljónir, til framleiðslu myndarinnar Skari Skrípó í leikstjórn Óskars Jónassonar og Saga film, 25 milljónir til framleiðslu myndarinnar Draumur í dós, í leikstjórn Karls Ágústis Úlfssonar. Auk þess hlaut Kvikmyndafélag Íslands vilyrði um viðbótarframlag, 3 milljónir, til framleiðslu myndarinnar Maður eins og ég í leikstjórn Roberts Douglas, og Réttur dagsins hlaut vilyrði um 2 milljónir til framleiðslu myndarinnar Reykjavík Guesthouse í leikstjórn Björns Thors og Unnar Aspar Stefánsdóttur.


Saga hlaut hæsta vilyrðið

Í stuttu ávarpi sínu við úthlutunina gerði Þorfinnur Ómarsson, framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs, viðreisn íslenskra kvikmynda, sem margar hverjar væru sýndar í kvik-

myndahúsum um allan heim, að umtalsefni. Benti Þorfinnur jafnframt á að eiga mætti von á að átta til tíu íslenskar kvikmyndir yrðu frumsýndar á árinu og þakkaði hann þeirri grósku aukið svigrúm sjóðsins til styrkveitinga sem samið var um við mennta- og fjármálaráðuneytin árið 1998.

Kvikmyndin Saga, sem hlaut hæsta styrkvilyrðið fyrir árið 2003, er að sögn leikstjórans, Baltasars Kormáks, byggð á Brennu-Njáls sögu, en meðhöfundur hans að handritinu er Ólafur Egilsson. „Með því að nefna myndina Sögu viljum við gefa okkur dálitla fjarlægð frá Njálu. Markmiðið er ekki það að „kvikmynda“ söguna, heldur skapa sjálfstæða heild út frá ákveðnum hlutum hennar. Þar verður fyrst og fremst sögð saga Gunnars og Hallgerðar, en Hróður er þar jafnframt mikill örlagavaldur,“ segir Baltasar. Hann segir styrkvilyrðið mikið ánægjuefni, en þó sé mikið verk fyrir höndum með frekari fjármögnun, þar sem um sé að ræða eitt stærsta kvikmyndaverkefni sem ráðist hefur verið í á Íslandi. „Framleiðslukostnaður er áætlaður um 450 milljónir og hafa með þessu náðst inn fyrstu 47,5 milljónirnar. Um er að ræða heils árs tökuverkefni frá 2003–4 og vonandi kemst ég af stað á þeim tíma. Það fer eftir því hvort handritið vekur sama áhuga erlendis og það gerir hér, enda er hugmyndin sú að framleiða myndina ekki síst með erlendan markað í huga,“ segir Baltasar.

Margrét Rún Guðmundsdóttir hefur unnið að undirbúningi kvikmyndarinnar Sólón Íslandur sem fjallar um Sölva Helgason. Hún segir hand-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Þorfinnur Ómarsson, framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands, tilkynnti um úthlutanir úr sjóðnum á blaðamannafundi í gær.

ritið lauslega byggt á skáldsögu Dayíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. „Ég leitast þó við að velja ákveðna hluta og miðla mínum skilningi á Sölva Helgasyni. Það má kannski öðru fremur líta á hann sem dæmigerðan Íslending. Hann var þrautseigur, fór sínar eigin leiðir og lét ekki bugast hvað sem á dundi.“ Verkefnið hafði áður fengið styrkvilyrði frá Kvikmyndasjóði, en það er nú fyrst sem nægileg aukafjárveiting hefur náðst. „Við vonumst til að geta farið af stað með tókur í vor. Ég er um þessar mundir að ráða í hlutverk, en Ingvar Sigurðsson mun fara með hlutverk Sölva,“ segir Margrét um vinnuferli myndarinnar.

Boltinn byrjar að rúlla

Kvikmyndin Dís er byggð á samnefndri skáldsögu þeirra Birnu Önnu Björnsdóttur, Oddnýjar Sturludóttur og Sílu Hauksdóttur sem út kom fyrir jóln 2000. Hafa höfundarnir sjálfir unnið kvikmyndahandrit eftir sögunni. Kristófer Dignus mun leikstýra myndinni og segir hann 30 milljón króna styrkloforðið mikið gleðiefni. „Nú fer boltinn að rúlla og förum við næst í að leita frekari fjármögnunar. Það fer eftir því hvernig þau mál ganga hvenær tókur hefjast,

en myndin verður gerð að sumarlagi,“ segir Kristófer.

Óskar Jónasson er handritshöfundur kvikmyndar um Skara Skrípó sem hlaut 30 milljóna króna vilyrði til framleiðslu. „Þetta verður ítarlegri saga um Skara og hans vandamál í nútímanum, því hann var upp á sitt besta fyrir nokkrum áratugum. Nú stendur hann hins vegar frammi fyrir því að ala upp dóttur sína í Rauða hverfi Reykjavíkurborgar á sama tíma og hann er að reyna hasla sér völl sem skemmtikraftur og flýja undan réttvísinni. Myndin verður án tals, eingöngu verður notast við umhverfshjóð, tónlist og myndir við miðlun sögunnar,“ segir Óskar um verkefnið og áætlað hann að tókur geti hafist árið 2003.

Karl Ágúst Úlfsson er höfundur kvikmyndaverkefnisins Draumur í dós sem hlaut 25 milljóna króna vilyrði. Hann segist hafa gengið með hugmyndina að myndinni í maganum í um 14 ár og unnið að handritinu síðastliðin þrjú ár. Styrkvilyrðið sé því einkar kærkomið „Þetta er ljúfsár saga af ástarfimmhyrningi og þrá hinna ófleygu eftir því að fljúga. Myndin er kannski jafn sár og hún er gamansöm, og er hún bara eins og lífið sjálft að því leyti.“

Sjö myndir í vinnslu

Kvikmyndirnar sem hljóta styrki til framleiðslu á þessu ári að undangengnu vilyrði síðasta árs eru Haf-ið sem Baltasar Kormákur leikstýrir og Sögn ehf. framleiðir, 40 milljónir en framlengingu vilyrðis síðasta árs hlutu Kaldaljóð í leikstjórn Hilmars Oddssonar, 40 milljónir, Næsland í leikstjórn Friðriks Þórs Friðriks-sonar, 35 milljónir, Stormy Weather í leikstjórn Sólveigar Anspach, 26 milljónir, Ís-lending í leikstjórn Halls Helgasonar, 25 milljónir, Differences Alike í leikstjórn Peters Ringgárd, 10 milljónir og 1.0 í leikstjórn Marteins Þórssonar, 10 milljónir.

Þróunarstyrki árið 2002 hlutu Pegasus, 1 milljón, vegna handritsins Napóleonskjölin/White Lies eftir Arnald Indriðason/R.C. Rossenfiar, Tröllakirkja, 1 milljón, vegna handritsins Tröllakirkja eftir Gísli Snæ Erlingsson, Umbi, 1 milljón, vegna handritsins Stella í framboði eftir Guðnýju Halldórsdóttur, Zik Zak kvikmyndir, 1 milljón, vegna handritsins Hvíslarinn eftir Martein Þórisson, Íslenska kvikmyndasamsteypan, 1 milljón, vegna handritsins Snerting eftir Kristínu Jóhannesdóttur, Markell, 500 þúsund, vegna handritsins Syracuse – Seyðisfjörður eftir Þorkel S. Harðarson og Örn Marinó Arnarsson. Sérstakan styrk til frekari þróunar hlaut handritið Sjálfstætt fólk eftir Ruth Praver Jhabvala fyrir árið 2003.

Styrki til handritsgerðar að upphæð 500.000 hver hlutu Arnaldur Indriðason og Óskar Jónasson fyrir S.A.S., Börkur Gunnarsson fyrir Sigfús H303, Brian Fitzgibbon fyrir Dongo, Guðrún Ragnarsdóttir fyrir Silungapollur, Huldar Breiðfjörð fyrir Næst sterkastur, Ragnar Bragason fyrir Magalúf, Sjónn fyrir Morgan Kane og Styrmir Sigurðsson fyrir Bara allt fínt. Auk styrkjanna verður um 2 milljónum varið til aðstoðar við gerð handritanna er styrk hlutu.

Í úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs árið 2002 sátu Anna G. Magnúsdóttir, Christof Wehmeier og Þorfinnur Ómarsson. Í undirnefnd vegna handritastyrkja voru Bjarni Jónsson, Guðrún Vilmundardóttir og Pétur Blöndal.

List aflétta í Langholti

LANGHOLTSKIRKJA, sem hefur um árabíl verið öflug miðstöð tónlistarflutnings á höfuðborgarsvæðinu, mun á næstunni tengjast fleiri greinum lista og menningar með fjölbreyttum listviðburðum fram á vor. Það er nýstofnað listráð kirkjunnar sem hafa mun veg og vanda af þessari starfsemi og verður fyrsti viðburðurinn í kirkjunni, þar sem þrjár listgreinar fléttast saman, í dag.

Dagskráin hefst kl. 17 með hátíðartónleikum. Þar verða flutt verk frá endurreisnar- og barokktímanum fyrir málmblásara, orgel og ketilbumbur eða pákur. Thor Vilhjálmsson rithöfundur verður fulltrúi orðsins listar og mun lesa upp og opnuð verður sýning á verkum myndlistarmannanna Kristjáns Davíðssonar og Ásgerðar Búadóttur.

Tílefni þess að forráðamenn Langholtskirkju hyggjast hasla kirkjunni víðari völl á listasviðinu er hálfir aldar afmæli Langholtsprestakalls en það var stofnað 29. júní 1952. Kór kirkjunnar var stofnaður árið eftir og verður því 50 ára á næsta ári, 2003. Afmælanna verður minnst með margvíslegum hætti á þessu ári og því næsta, meðal annars með fjölbreyttum listviðburðum og verður í því sambandi ekki síst leitað til listamanna sem búa í sókninni, hafa búið þar eða tengjast Langholtskirkju með einhverjum hætti.

Listamenn sóttir í sóknina

Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður, sem á sæti í listráðinu, segir að listráðið hafi viljað leita til listamanna í sókninni í þessari fyrstu Listafléttu. „Við buðum Kristjáni og Ásgerði, sem bæði eru velþekktir



Morgunblaðið/Golli

Tónlistarmenn leika barokktónlist á trompetta, básúnur og bumbur.

listamenn, að sýna í kirkjunni eins og húsrúmið leyfir, og þau þáðu það. Hvort þeirra um sig hefur búið í það minnsta í þrjátíu ár í sókninni. Þetta verða fimm ný olíumálverk eftir Kristján og þrjú ófin myndverk eftir Ásgerði; nokkuð blönduð í tíma. Það vill til að það er svo hreinn arkitektúr á kirkjunni, að verkin geta hangið inni í kirkjunni sjálfri, sem er mjög skemmtilegt og óvenjulegt, að ég held. Við höfum fengið Aðalstein Ingólfsson listfræðing til að tala svolítið um myndlistarmennina og verk þeirra. Þriðji nestorinn úr sókninni sem við buðum að taka þátt í þessu er Thor Vilhjálmsson, sem mun lesa upp úr verkum sínum. Og svo er það auðvitað tónlistin, sem verður hressileg en mjög hátíðleg, þannig að þetta verður mjög fjölbreytt.“

Á tónleikunum verður leikið á hljóðfæri sem sjaldan hljóma saman á tónlistarviðburðum hér á landi en það eru trompetar, básúnur, orgel

og ketilbumbur. Flytjendur eru trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Einar St. Jónsson, Eiríkur Örn Pálsson og Guðmundur Hafsteinsson; á básúnur leika þeir David Bobroff, Jón Halldór Finnsson, Oddur Björnsson og Sigurður Þorbergsson; á orgel Douglas Brochie og bumburnar slá þeir Eggert Pálsson og Steef van Oosterhout, en verkin sem þeir leika eru sem fyrr segir frá endurreisnar- og barokktímanum. Í sumum verkanna skiptast málmblásararnir í tvo „kóra“ sem kallast á og eru á mismunandi stöðum í kirkjunni. Orgelið er í hlutverki þriðja kórsins. Tvö verkanna eru eins konar at, eða einvígi milli tveggja ketilbumbu- eða pákuleikara.

Markmið Listráðs Langholtskirkju er að stuðla að fjölbreyttu lista- og menningarlífi á vettvangi kirkjunnar og í tengslum við starfsemi hennar.

Skipulag vegna tónlistarhúss

44 tillögur sendar inn

ÚRSLIT í hugmyndasamkeppni um skipulag lóðar í miðborginni þar sem rísa mun tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð verða kynnt við hátíðlega afhöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun, sunnudag, kl. 16. Samtímis verður opnuð sýning á öllum tillögunum, en dómnefnd bærast 44 tillögur.

Í byrjun árs 1999 samþykktu ríkisstjórn Íslands og borgarráð Reykjavíkur að beita sér fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar (TRH) í miðborginni. Í kjölfar þess var skipuð samstarfsnefnd ríkis og borgar um verkefnið sem unnið hefur að undirbúningi þess síðan. Ákveðið hefur verið að sá hluti verkefnisins sem snýr að tónlistarhúsi, ráðstefnumiðstöð, hóteli og tengdum mannvirkjum verði boðinn út í heild, þ.m.t. endanleg hönnun mannvirkja og lóðar.

Saga



Mörg læknuð mein er eftir **Þ. Ragnar Jónasson**. Þar er rakin saga heilbrigðisþjónustu og velferðarmála á Siglufirði og hún skoðuð í víðu samhengi. Þetta er fimmta bókin um siglufirsku sögu, menningu og mannlíf.

Þar sem um er að ræða eitt stærsta skipulags- og byggingaverkefni síðustu ára í miðborg Reykjavíkur, samþykkti borgarráð Reykjavíkur að efna til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um skipulag lóðarinnar og nærliggjandi svæða við Austurhöfn í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, að höfðu samráði við hafnarstjórn og samstarfsnefnd ríkis og borgar um undirbúning TRH.

Áhersla var lögð á að um hugmyndasamkeppni væri að ræða sem fjallaði um skipulag. Ekki átti að leggja fram hugmyndir um nákvæma hönnun einstakra bygginga. Lóðin, sem ætluð er undir tónlistarhús, ráðstefnumiðstöð og hótél, er í tveimur hlutum. Annars vegar 7.200 fermetrar milli Geirsgötu og Tryggvagötu og u.þ.b. 20.000 fermetrar norðan Geirsgötu og í átt að Ingólfsgarði (þar sem Faxaskáli stendur nú).

Bókin skiptist í fjóra meginhluta en efniskaflar eru tuttugu og þrír. Fyrst er fjallað um lækningar á fyrri tíð, lækna-skipan og lækna, þá um sjúkrahúsin þrjú sem hafa verið rekin á Siglufirði í áranna rás. Loks er í bókinni fjallað um ýmsa starfsemi á heilbrigðissviði sem rekin hefur verið í bænum, svo sem sjúkrasamlag, berklavarnir, lyfjabúðir og dvalarheimili fyrir aldraða.

Útgefandi er Heilbrigðissstofnun Siglufjarðar. Bókin er 156 bls., prentuð í Odda hf. Kápu hannaði Ragnar Helgi Ólafsson. Verð: 3.480 kr.